

**20. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38,
Tálknafirði, 15. nóvember 2018
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson (HJ), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) og Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Erindisbréf nefnda Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022 - 1807017

Lilja Magnúsdóttir starfsmaður Tálknafjarðarhafnar situr fund nefndarinnar og fjallar um þá liði sem snúa að höfninni.

2. Atvinnu- og hafnarnefnd - varaformaður - 1811048

Heiðar Jóhannsson ber upp tillögu um Ingibjörgu Jónu Nóadóttur sem varaformann nefndarinnar, samþykkt samhljóða.

4. Gjaldskrá höfn 2019 - 1811040

Lilju og Bryndísi falið að útbúa tillögu að nýrri gjaldskrá sem nefndin getur tekið afstöðu til á næsta fundi.

5. Fjárhagsáætlun 2019 Hafnarsjóður - 1811041

Atvinnu- og hafnarnefnd telur mikilvægt að laga skemmdan kant á ytri höfninni, stækka legukant við smábátahöfn, gera við stálþil og laga rafmagn á ytri bryggju. Sveitarstjóra er falið að greina kostnað við ofangreind verkefni og möguleika á fjármögnun á þeim.

Lilja yfirgefur fundinn.

6. Byggðakvóti 2018-2019 - 1810030

Atvinnu- og hafnarnefnd treystir sveitarstjórn til að gæta almannahagsmuna og taki ákvörðun sem tekur mið af heildarhagsmunum sveitarfélagsins.

7. Atvinnumál í lok árs 2018 - 1811047

Atvinnu- og hafnarnefnd hvetur fyrirtæki á svæðinu til dáða, þrátt fyrir mótlæti undanfarinna vikna.

3. Fundargerðir 2018 Hafnasamband Íslands - 1801033

Frestað til næsta fundar

20. fundur
26.11.2018

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:54.

Heiðar Jóhannsson (HJ)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Bryndís Sigurðardóttir